

HVER ERUM VIÐ?

Kafla 1-4

Vottar Jehóva starfa í 240 löndum og eru af alls konar þjóðerni og menningaruppruna. Hvernig hefur þessi fjölbreytti hópur sameinast? Hvers konar fólk er vottar Jehóva?



HVERNIG STÖRFUM VIÐ?

Kafla 5-14

Við erum vel þekkt fyrir trúboð okkar. Við höldum samkomur í ríkissölum okkar til að rannsaka Biblíuna og tilbiðja Guð. Hvað fer fram á samkomunum og hverjir mega sækja þær?



HVERNIG ER STARFSEMIN SKIPULÖGÐ?

Kafla 15-28

Vottar Jehóva eru alþjóðleg samtök fólks sem þjónar Guði fúslega. Hvernig eru þau skipulögð, hvernig er þeim stjórnað og hvernig er starfsemin fjármögnuð? Þjónar þessi söfnuður vilja Jehóva?



Þetta rit er ekki til sölu. Útgáfa þess er þáttur í alþjóðlegri bibliufræðslu sem kostuð er með frjálsum framlögum.

Þú getur farið inn á www.jw.org til að gefa framlag.

Vitnað er í íslensku biblíuna frá 2007 nema annað sé tekið fram.

Hverjir gera vilja Jehóva?

Who Are Doing Jehovah's Will Today?

Prentað í janúar 2017

Icelandic (j1-IC)

© 2012, 2014

WATCH TOWER BIBLE AND TRACT SOCIETY OF PENNSYLVANIA

Útgefendur

HVERNIG MÁ NOTA PENNAN BÆKLING?

Gefðu þér nokkrar mínútur í hverri viku til að skoða einn kafla og svara spurningunum neðst á blaðsíðunni. Reyndu líka að kynna söfnuðinum og starfsemi hans eins og lagt er til undir fyrirsögninni „Skoðaðu málið betur“.





Hver er vilji Guðs?

Guð vill að við lifum að eilífu í friði og hamingju í paradís á jörð.

Þér er kannski spurn hvort það geti nokkurn tíma orðið að veruleika. Í Biblíunni segir að ríki Guðs komi þessu til leiðar. Það er vilji hans að allir fræðist um þetta ríki og fyrirætlun hans með mennina. – Sálmur 37:11, 29; Jesaja 9:6.

Guð vill að við njótum góðs af kennslu hans.

Góður faðir vill börnum sínum allt það besta. Faðir okkar á himnum óskar þess einnig að við lifum hamingjusöm að eilífu. (Jesaja 48:17, 18) Hann hefur lofað að „sá sem geri Guðs vilja vari að eilífu“. – 1. Jóhannesarbréf 2:17.

Guð vill að við göngum leiðina sem hann bendir á.

Í Biblíunni segir að skaparinn vilji „vísa okkur vegu sína“ til að við getum „gengið brautir hans“. (Jesaja 2:2, 3) Hann hefur kallað saman „lýð sem ber nafn hans“ og skipulagt hann til að boða vilja sinn um allan heim. – Postulasagan 15:14.

Guð vill að við séum sameinuð í tilbeiðslu á honum.

Sönn tilbeiðsla á Jehóva sundrar ekki heldur sameinar. Hún kennir fólki að elska hvert annað. (Jóhannes 13:35) Hverjir kenna körlum og konum um heim allan að þjóna Guði í sameiningu? Við hvetjum þig til að kynna þér málið með hjálp þessa rits.

SKOÐAÐU MÁLIÐ BETUR

Kynntu þér Biblíuna með aðstoð okkar.

Ertu byrjaður að kynna þér Biblíuna með aðstoð votta Jehóva? Ef ekki viltu þá þiggja ókeypis biblúnámskeið? Það er góð leið til að styrkja tengslin við Guð.

Fáðu ókeypis rit.

Þú getur farið í næsta ríkissal eða talað við einhvern vott Jehóva og beðið um rit á móðurmáli þínu til að fá betri skilning á efni Biblíunnar.

Lestu um okkur á vefnum.

Skoðaðu opinbert vefsetur Votta Jehóva. Þar er hægt að lesa Biblíuna á mörgum tungumálum og skoða eða prenta út rit á meira en 750 tungumálum.

www.jw.org/is





Danmörk



Taívan



Venesúla



Indland

Hvers konar fólk er vottar Jehóva?

Hve marga votta Jehóva þekkirðu? Við getum verið nágrannar þínir, vinnufélagar eða skólafélagar. Þú hefur ef til vill rætt við eitthvert okkar um biblíuleg mál. Hver erum við eiginlega og hvers vegna boðum við trú okkar meðal almennings?

Við erum ósköp venjulegt fólk. Við erum af ýmsum uppruna og ólumst upp við ólíkar aðstæður. Sum okkar voru annarrar trúar, önnur trúðu ekki á Guð. En áður en við gerðumst vottar gáfum við okkur öll tíma til að kynna okkur kenningar Biblíunnar vandlega. (Postulasagan 17:11) Við vorum sátt við það sem við lærðum og ákváðum því að tilbiðja Jehóva Guð.

Við njótum góðs af biblínámi okkar. Eins og allir aðrir þurfum við að glíma við okkar eigin veikleika og ýmis önnur vandamál. Við finnum hins vegar að það bætir lífsgæðin til muna að reyna að fara eftir meginreglum Biblíunnar dagsdaglega. (Sálmur 128:1, 2) Það er ein ástæðan fyrir því að við segjum öðrum frá góðum lífsreglum Biblíunnar sem við höfum lært.

Við lifum eftir góðum gildum Biblíunnar. Þessi gildi stuðla að velferð okkar og virðingu fyrir öðrum, ásamt góðvild og heiðarleika. Þau hvetja fólk til að vera ábyrgir þjóðfélagsþegnar og efla gott siðferði og samheldni í fjölskyldunni. Við erum sannfærð um að „Guð fari ekki í manngreinarálit“ þannig að við skiptumst ekki eftir kynþáttum og stjórnmálum. Söfnuðurinn okkar er því eitt alþjóðlegt bræðralag. Hann er einstakur þótt hann sé myndaður af ósköp venjulegu fólk. – Postulasagan 4:13; 10:34, 35.

- Hvað er sameiginlegt með vottum Jehóva og öllum öðrum?
- Hvaða gildi hafa vottar Jehóva lært af biblínámi sínu?

Hvers vegna köllum við okkur Votta Jehóva?


Margir halda að nafngiftin Vottar Jehóva sé fremur ný af nálinni en svo er ekki. Þjónar hins sanna Guðs voru kallaðir „vottar“ hans fyrir meira en 2.700 árum. (Jesaja 43:10-12) Fram til 1931 kölluðum við okkur Biblíunemendur. Af hverju tókum við þá upp nafnið Vottar Jehóva?

Það bendir á Guð okkar. Nafnið Jehóva stendur mörg þúsund sinnum í fornum handritum Biblíunnar. Í mörgum þýðingum hennar hafa verið settir titlar eins og Drottinn eða Guð í staðinn. Hinn sanni Guð opinberaði hins vegar Móse að hann hétí Jehóva og sagði: „Þetta er nafn mitt um aldur og ævi.“ (2. Mósebók 3:15; 6:3, neðanmáls) Þannig aðgreindi hann sig frá öllum falsguðum. Við erum stolt af því að mega bera heilagt nafn Guðs.

Það lýsir hlutverki okkar. Í aldanna rás vitnaði fjöldi fólks um trú sína á Jehóva. Hinn réttláti Abel var fyrstur þessara „fjölda votta“, en af öðrum má meðal annars nefna Nóa, Abraham, Söru, Móse og Davíð. (Hebrea-bréfið 11:4–12:1) Við erum staðráðin í að boða sannleikann um þann Guð sem við tilbiðjum, ekki ósvipað og maður sem vitnar fyrir rétti um sakleysi annars.

Við líkjum eftir Jesú. Í Biblíunni er hann nefndur „votturinn trúí og sanni“. (Opinberunarbókin 3:14) Jesús sagðist hafa opinberað nafn Guðs og borið vitni sannleikanum um hann. (Jóhannes 17:26; 18:37) Sannir fylgjendur Krists verða þess vegna að bera nafn Jehóva og kunngera það. Vottar Jehóva leitast við að gera það.

- Af hverju tóku Biblíunemendurnir upp nafnið Vottar Jehóva?
- Hve lengi hefur Jehóva átt sér votta á jörðinni?
- Hver er mesti vottur Jehóva?



Nói

Abraham og Sara

Móse

Jesús Kristur

SKOÐAÐU MÁLIÐ BETUR

Þegar þú hittir votta skaltu reyna að kynnast þeim betur. Spyrðu þá hvers vegna þeir hafi gerst vottar Jehóva.





Biblunemendur upp úr 1870

Fyrsta tölublað *Varðturnsins* árið 1879*Varðturninn* í nútímabúningi

Hvernig fundu menn sannleika Biblíunnar að nýju?

Í Biblíunni var spáð að falskennarar myndu koma fram innan safnaðarins og rangsnúa kenningum Biblíunnar eftir að Kristur væri dáinn. (Postulasagan 20:29, 30) Og þannig fór þegar fram liðu stundir. Heiðnum trúarhugmyndum var blandað saman við kenningu Jesú og úr varð fölsuð útgáfa af kristninni. (2. Tímóteusarbréf 4:3, 4) Hvernig getum við gengið úr skugga um að við skiljum hvað Biblían kennir?

Sá tími rann upp að Jehóva opinberaði sannleikann.

Hann sagði fyrir að ‚skilningur manna myndi aukast þegar drægi að endalokunum‘. (Daníel 12:4) Árið 1870 fór lítill hópur manna að leita sannleikans. Þeir komust að raun um að margar kenningar kirkjufélaganna voru ekki sóttar í Biblíuna. Þeir reyndu að glöggva sig á upprunalegum kenningum hennar og Jehóva hjálpaði þeim að skilja þær.

Einlægir menn rannsökuðu Biblíuna vandlega. Þessir biblunemendur lögðu grunninn að starfi okkar og beittu sömu aðferðum og við notum enn þann dag í dag. Þeir tóku fyrir hvert málefnið á fætur öðru og könnuðu hvað Biblían segði um það. Þegar þeir rákust á torskilin vers leituðu þeir að öðrum versum sem vörpuðu ljósi á textann. Þegar þeir komust að niðurstöðu sem kom heim og saman við Biblíuna í heild skráðu þeir hana niður. Með því að láta Biblíuna túlka sjálfa sig uppgötvuðu þeir sannleikann um nafn Guðs og ríki, fyrirætlun hans með mannkynið og jörðina, hvað gerist við dauðann og um upprisuvonina. Rannsóknir þeirra leystu þá úr fjötrum margra falskra kenninga og trúarathafna. – Jóhannes 8:31, 32.

Árið 1879 gerðu biblunemendurnir sér grein fyrir að það væri tímabært að kunngera sannleikann vítt og breitt. Það ár hófu þeir útgáfu tímaritsins *Varðturninn kunngerir ríki Jehóva* og það er gefið út enn þann dag í dag. Núna boðum við sannleika Biblíunnar meðal fólks á meira en 750 tungumálum í 240 löndum. Sannleikur Biblíunnar hefur aldrei verið jafn útbreiddur.

- Hvað varð um sannleika Biblíunnar eftir að Kristur dó?
- Hvað gerði mönnum kleift að finna sannleika Biblíunnar að nýju?

Af hverju gefum við út Nýheimsþýðinguna?

Vottar Jehóva notuðu, prentuðu og dreifðu ýmsum þýðingum Biblíunnar um áratugaskeið. En smám saman varð okkur ljóst að þörf væri á nýrri þýðingu sem auðveldaði fólki að komast til „þekkingar á sannleikanum“ eins og Guð vill að allir menn geri. (1. Tímóteusarbréf 2:3, 4) Árið 1950 tókum við því að gefa út okkar eigin þýðingu Biblíunnar sem er kölluð *Nýheimsþýðingin*. Málfríð er nútímalegt og hún hefur nú verið þýdd af nákvæmni á meira en 130 tungumál.*


Þörf var á biblíu á auðskildu máli. Tungumál breytast með tímanum og í mörgum þýðingum Biblíunnar er notað sjaldgæft og forneskjulegt mál sem er erfitt að skilja. Auk þess hafa fundist eldri handrit sem eru nákvæmari og nær frumtextanum. Þau hafa aukið þekkingu manna á hebræsku, arameísku og grísku, tungumálunum sem Biblían var skrifuð á.

Þörf var á þýðingu sem var trú orði Guðs. Biblíuþýðendur ættu ekki að leyfa sér að fara frjálsglega með innblásinn boðskap Guðs heldur vera trúir frumtextanum. Fáar biblíuþýðingar nota hins vegar nafn Guðs, Jehóva.

Þörf var á biblíu sem hélt nafni höfundarins á lofti. (2. Samúelsbók 23:2) Nafnið Jehóva stendur um 7.000 sinnum í elstu handritum Biblíunnar, samanber myndina hér að neðan. (2. Mósebók 6:3, neðanmáls) Þess vegna er það látið halda sér í *Nýheimsþýðingunni*. Margra ára rannsóknir liggja að baki þessari þýðingu. Hún er ánægjuleg aflestrar enda kemur hún viðhorfum Guðs skýrt til skila. Hvort sem *Nýheimsþýðingin* er til á móðurmáli þínu eða ekki er það góð venja að lesa daglega í orði Jehóva. – Jósuabók 1:8; Sálmur 1:2, 3.

- Hvers vegna töldum við ástæðu til að gefa út nýja biblíuþýðingu?
- Hvað er gott að gera á hverjum degi ef við viljum kynnst vilja Guðs?

* *Nýheimsþýðingin* er ekki fánleg á íslensku en þú getur hugsanlega lesið hana á öðrum tungumálum.




Austur-Kongó



Rúanda



Slitir úr handriti Symmakusar frá þriðju eða fjórðu öld e.Kr. Nafn Guðs stendur í Sálmum 69:31.



Argentína



Síerra Leóne



Belgía

SKOÐAÐU MÁLIÐ BETUR

Langar þig til að skoða ríkissalinn áður en þú kemur á samkomu? Biddu þá einhvern vott Jehóva að sýna þér hann.



Hvað áttu eftir að upplifa á safnaðarsamkomum hjá okkur?

Margir eru hættilir að sækja guðsþjónustur af því að þeir fá hvorki hughreystingu né svör við stóru spurningunum í lífinu. Hvers vegna ættirðu þá að sækja safnaðarsamkomur hjá Vottum Jehóva? Hvað skyldir þú upplifa þar?

Gleðina að vera meðal fólks sem er annt um þig. Kristnir menn á fyrstu öld skiptust í söfnuði og héldu samkomur til að tilbiðja Guð, ræða efni Biblíunnar og uppörva hver annan. (Hebreaþréfið 10:24, 25) Andrúmsloftið var kærleiksrikt og þeir fundu að þeir voru meðal vina – trússystkina sinna. (2. Þessaloníkubréf 1:3; 3. Jóhannesarbréf 14, 15) Við fylgjum þessari fyrirmynd og finnum til sömu gleði og þeir.

Þú lærir að tileinka þér meginreglur Biblíunnar. Karlar, konur og börn safnast saman líkt og gert var á biblútímanum. Hæfir kennarar nota Biblíuna til að sýna okkur fram á hvernig við getum lifað eftir meginreglum hennar dagsdaglega. (5. Mósebók 31:12; Nehemíabók 8:8) Allir mega taka þátt í almennum umræðum og söng. Það gefur okkur tækifæri til að tjá vonina sem við berum í brjósti. – Hebreaþréfið 10:23.

Þú styrkir trúna á Guð. Páll postuli skrifaði einum af söfnuðunum á fyrstu öld: „Ég þrái að sjá ykkur. . . svo að þið styrkist eða réttara sagt: Svo að við getum uppörvast saman í sömu trú, ykkar og minni.“ (Rómverjabréfið 1:11, 12) Með því að hitta trússystkini að staðaldri á samkomum styrkjum við trúna og verðum enn ákveðnari í að lifa eftir meginreglum Biblíunnar.

Hvernig væri að þiggja boðið og sækja næstu safnaðarsamkomu? Þá geturðu kynnst þessu af eigin raun. Það verður tekið vel á móti þér. Aðgangur að öllum samkomum er ókeypis og engin fjáröflun fer fram.

- Hver er fyrirmyndin að safnaðarsamkomum okkar?
- Hvernig er það okkur til góðs að sækja safnaðarsamkomur?



Malasía

Hvernig er það okkur til góðs að eiga félagsskap við trússystkini?


Við sækjum reglulega samkomur jafnvel þó að við þurfum að fara yfir fjöll og firmindi eða bjóða veðrinu birginn. Af hverju leggja vottar Jehóva svona mikið á sig til að eiga félagsskap við trússystkini þótt ýmsar hindranir séu í veginum og þeir séu þreyttir eftir langan vinnudag?

Það stuðlar að velferð okkar. „Gefum gætur hvert að öðru,“ skrifaði Páll og var þá með samskipti okkar við aðra í söfnuðinum í huga. (Hebreabréfið 10:24) Með þessu er átt við að við eigum að gera okkur far um að kynnst hvert öðru vel. Páll er því að hvetja til þess að við látum okkur annst um aðra. Þegar við kynnumst öðrum fjölskyldum í söfnuðinum uppgötvaðum við að sumar þeirra hafa sigrast á svipuðum erfiðleikum og við eigum í. Það getur hjálpað okkur að takast á við vandann.

Við byggjum upp sterk vináttubönd. Þeir sem við hittum á samkomum eru ekki bara kunningjar okkar heldur nánir vinir. Við gerum okkur líka far um að hittast til að njóta heilnæmrar afþreyingar. Hvaða áhrif hefur það að umgangast trússystkini með þessum hætti? Við fáum meiri mætur hvert á öðru og það styrkir kærleiksböndin. Þegar trússystkini okkar eiga í erfiðleikum erum við meira en fús til að hjálpa þeim vegna þess að við erum orðin nánir vinir. (Orðskviðirnir 17:17) Með því að umgangast alla í söfnuðinum sýnum við að við „berum sameiginlega umhyggju hvert fyrir öðru“. – 1. Korintubréf 12:25, 26.

Við hvetjum þig til að velja þér að vinum þá sem gera vilja Guðs. Þú getur eignast slíka vini meðal votta Jehóva. Láttu ekkert aftra þér frá að eiga félagsskap við okkur.

- Af hverju er það að okkur til góðs að sækja safnaðarsamkomur?
- Við hvaða tækifæri myndi þig langa til að kynnst söfnuðinum?



Madagaskar



Noregur



Líbanon



Ítalía



Nýja-Sjáland



Japan



Úganda



Litháen

Hvernig fara samkomurnar fram?

Á samkomum frumkristinna manna var sungið, farið með bænir, lesið upp úr Ritningunni og rætt um efnið. (1. Korintubríf 14:26) Þær voru lausar við alla helgisiði. Í meginatriðum fara samkomur okkar fram með mjög svipuðum hætti.

Fræðslan er gagnleg og byggð á Biblíunni. Um helgar kemur söfnuðurinn saman til að hlusta á **biblútengdan fyrirlestur**. Hann er hálf tíma langur og fjallað er um hvernig Biblían tengist lífi okkar og nútímanum. Allir eru hvattir til að fylgjast með í sinni eigin biblíu. Að ræðunni lokinni fer fram **Varðturnsnám** sem tekur klukkustund. Safnaðarmönnum er þá boðið að taka þátt í umræðum um grein í námsútgáfu *Varðturnsins*. Umræðan er okkur hvatning til að fara eftir leiðbeiningum Biblíunnar. Farið er yfir sama efni í öllum söfnuðum okkar í heiminum en þeir eru yfir 110.000 talsins.

Við fáum leiðsögn til að verða betri kennarar. Við höldum einnig þrískipta samkomu eitt kvöld í viku sem nefnist **Líf okkar og boðun**. Dagskrá samkomunnar byggist á efni í samnefndri vinnubók sem kemur út mánaðarlega. Í fyrsta hluta samkomunnar, „Fjárjósóðir í orði Guðs“, er rætt um nokkra kafla í Biblíunni sem safnaðarmenn hafa lesið fyrir fram. Í þeim næsta, „Leggðu þig fram við að boða trúna“, fylgjumst við með sýnidæmum um hvernig hægt sé tala við aðra um Biblíuna. Leiðbeinandi bendir á hvernig hægt sé að bæta sig í upplestri og ræðumennsku. (1. Tímóteusarbréf 4:13) Í síðasta hlutanum, „Líf okkar í kristinni þjónustu“, er rætt um hvernig við getum heimfært meginreglur Biblíunnar á daglegt líf. Farið er með spurningum og svörum yfir efni sem dýpkar skilning okkar á Biblíunni.

Þegar þú sækir samkomur með okkur tekurðu eflaust eftir að biblíufræðslan, sem þú færð, er í háum gæðaflokki.
– Jesaja 54:13.

- Við hverju máttu búast á samkomum hjá Vottum Jehóva?
- Hvaða samkomu langar þig til að sækja næst?

SKOÐAÐU MÁLIÐ BETUR

Kynntu þér eitthvað af efninu sem farið verður yfir á næstu samkomum. Kannaðu hvað þú getur lært af Biblíunni sem getur orðið þér að gagni í daglega lífinu.



Af hverju erum við vel til fara á samkomum?

Hefurðu tekið eftir að á myndunum í þessum bæklingi eru vottar Jehóva vel til fara þegar þeir sækja safnaðarsamkomur? Hvers vegna gerum við okkur far um að vera snyrtileg í klæðnaði og útliti?

Til að sýna Guði virðingu. Víst er það rétt að Guð horfir ekki aðeins á ytra útlit fólks. (1. Samúelsbók 16:7) Þegar við söfnumst saman til að tilbiðja hann langar okkur samt sem áður til að sýna honum og trússystkinum okkar virðingu. Ef við gengjum fyrir dómara í réttarsal myndum við líklega sýna að við virðum embætti hans með því að vera vel til fara. Á sama hátt sýnum við með klæðaburði okkar að við virðum „dómara allrar jarðarinnar“, Jehóva Guð, og staðinn þar sem við tilbiðjum hann. – 1. Mósebók 18:25.

Til að endurspeglja þau gildi sem við lifum eftir. Í Biblíunni er kristið fólk hvatt til að vera látlaust í klæðaburði eins og sómir þeim sem vilja dýrka Guð. (1. Tímóteusarbréf 2:9, 10) Að vera látlaus í klæðaburði merkir að draga ekki athygli að sér með áberandi, ögrandi eða efnislitlum fatnaði. Við veljum okkur smekkleg föt en erum hvorki drusluleg né öfgakennd í útliti. Leiðbeiningar Biblíunnar gefa okkur engu að síður mikið svigrúm til að klæða okkur eftir eigin smekk. Við getum „prýtt kenningu frelsara okkar“ og „vegsamað Guð“ orðalaust með því að vera vel til fara. (Títusarbréfið 2:10; 1. Pétursbréf 2:12) Með því að vera spariklædd á samkomum höfum við áhrif á það hvernig aðrir líta á tilbeiðsluna á Jehóva.

Vertu óhræddur að sækja samkomur í ríkissalnum þó að þú eigir ekki spariföt. Fötin þurfa ekki að vera dýr eða flott til að vera hrein, sómasamleg og við hæfi.

- Hvaða máli skiptir klæðnaður okkar þegar við sækjum samkomur?
- Hvaða meginreglur getum við haft að leiðarljósi varðandi klæðnað og útlit?



Ísland



Mexíkó



Gínea-Bissá

Filippseyjar





Kambódía



Úkraína



SKOÐAÐU MÁLIÐ BETUR

Notaðu aðferðina, sem lýst er hér að ofan, til að búa þig undir Varðturnsnámið eða safnaðarbiblúnámið. Biddu biblúkennara þinn um að hjálpa þér að undirbúa svar við einni spurningu á næstu samkomu.



Hvernig er best að búa sig undir samkomur?

Ef þú ert að kynna þér Biblíuna með hjálp votta Jehóva ertu trúlega vanur að fara yfir námsefnið fyrir fram. Til að hafa sem mest gagn af safnaðarsamkomum er gott að hafa sama háttinn á. Við náum bestum árangri ef við venjum okkur á að búa okkur undir samkomurnar.

Veldu hentugan stað og stund. Hvenær áttu auðveldast með að einbeita þér? Er það snemma morguns áður en þú hefur dagleg störf eða er það að kvöldi til eftir að börnin eru komin í háttinn? Taktu frá ákveðinn tíma, hvort sem hann er langur eða stuttur, og reyndu að láta ekkert koma í veg fyrir að þú notir hann til undirbúnings. Veldu hljóðlátan stað og slökktu á útvarpi, sjónvarpi, farsíma og öðru sem gæti truflað. Byrjaðu á því að fara með bæn. Það hjálpar þér að yta daglegum áhyggjum til hliðar þannig að þú getir einbeitt þér að orði Guðs. – Filippíbréfið 4:6, 7.

Merktu við aðalatriðin og búðu þig undir að taka þátt í umræðum. Byrjaðu á því að sjá heildarmyndina. Líttu á fyrirsögn kaflans eða greinarinnar, veltu fyrir þér hvernig millifyrirsagnir tengjast henni og skoðu myndir og upprifjunarspurningar sem draga fram aðalatriðin. Lestu síðan efnið grein fyrir grein og leitaðu að svari við spurningunni sem er neðanmáls. Flettu upp á ritningarstöðum sem vísað er í, lestu þá og hugleiddu hvernig þeir varpa ljósi á efnið. (Postulasagan 17:11) Þegar þú getur svarað spurningunni skaltu strika undir eða merkja við fáein lykilorð í greininni sem minna þig á svarið. Þá geturðu rétt upp hönd á samkomunni ef þú vilt og tjáð þig stuttlega um málið með eigin orðum.

Þú eykur við biblíupekkingu þína og bætir við „forðabúrið“ með því að lesa og hugleiða það fjölbreytta efni sem rætt er á samkomum í hverri viku. – Matteus 13:51, 52.

- Hvaða góðu venjur geta hjálpað þér að búa þig undir samkomur?
- Hvernig geturðu búið þig undir að svara á samkomum?

Hvaða hlutverki þjónar biblíunám fjölskyldunnar?

Jehóva hefur frá fornu fari hvatt fjölskyldur til að eiga stundir saman til að styrkja sambandið við hann og treysta fjölskylduböndin. (5. Mósebók 6:6, 7) Þess vegna nota fjölskyldur votta Jehóva ákveðinn tíma í hverri viku til að sinna andlegum hugðarefnum, og ræða þá saman í rólegheitum um mál sem eru sniðin að þörfum fjölskyldunnar. Þeir sem búa einir geta líka átt stund með Guði og valið sér að vild biblíulegt viðfangsefni til rannsóknar.

Það styrkir sambandið við Jehóva. „Nálægið ykkur Guði og þá mun hann nálgast ykkur.“ (Jakobsbréfið 4:8) Við styrkjum tengslin við Jehóva þegar við kynnumst eiginleikum hans og verkum af blöðum Biblíunnar. Auðvelt er að koma af stað reglulegu biblíunámi fjölskyldunnar með því að nota stund saman til að lesa upphátt úr Biblíunni. Til dæmis væri hægt að fylgja vikulegri lestraráætlun fyrir samkomuna Líf okkar og boðun. Hægt er að skipta lesefninu milli allra í fjölskyldunni og síðan getið þið rætt hvað þið hafið lært af lestrinum.

Það styrkir fjölskylduböndin. Hjón styrkja tengslin sín á milli með því að stunda sameiginlegt biblíunám, og hið sama er að segja um foreldra og börn. Þetta ættu að vera rólegar og ánægjulegar stundir sem allir hlakka til. Foreldrarnir ættu að velja viðeigandi efni í samræmi við aldur barnanna, til dæmis efni úr *Varðturninum* og *Vaknið!* eða á vefsetri okkar, jw.org. Hægt er að taka fyrir erfiðleika sem börnin hafa orðið fyrir í skólanum og ræða hvernig megi bregðast við þeim. Hvernig væri að horfa á myndband í Sjónvarpi Votta Jehóva (tv.jw.org) og ræða síðan um það saman? Kannski hafið þið gaman af að æfa söngvana sem sungnir verða á samkomunum. Svo er gott að fá sér eitthvað í gogginn eftir fjölskyldunámið.

Með því að taka frá góða stund í hverri viku til að tilbiðja Jehóva í sameiningu læra allir í fjölskyldunni að hafa yndi af orði hans. Þið megið treysta að Jehóva blessar viðleitni ykkar. – Sálmur 1:1-3.

- Af hverju tökum við frá tíma í hverri viku til biblíunáms?
- Hvernig geta foreldrar gert þessa stund ánægjulega fyrir alla í fjölskyldunni?



Suður-Kórea



Brasilía

Ástralía



Gínea

SKOÐAÐU MÁLIÐ BETUR

Fáðu hugmyndir með því að spyrja aðra í söfnuðinum hvað þeir geri í fjölskyldunáminu. Kannaðu hvaða rit þú getir fengið í ríkissalnum til að fræða börnin þín um Jehóva.





Þýskaland



Botsvana



Níkaragva



Ítalía

Af hverju sækjum við fjölmenn mót?

Fólkið á myndunum er glatt og ánægt. Ástæðan er sú að það er að sækja mót. Við hlökkum til þess að vera viðstödd fjölmenn mót ekki síður en þjónar Guðs til forna en þeim var sagt að safnast saman þrisvar á ári. (5. Mósebók 16:16) Við höldum líka þrjú mót á ári: tvö eins dags **svæðismót** og eitt þriggja daga **umdæmismót**. Hvaða gagn höfum við af þessum mótum?

Pau styrkja bræðralag okkar. Við njótum þess að tilbiðja Jehóva saman við sérstök tækifæri, rétt eins og Ísraelsmenn glöddust yfir því að mega lofa Jehóva „í söfnuðinum“. (Sálmur 26:12; 111:1) Mótin gefa okkur tækifæri til að hitta votta annars staðar að af landinu eða jafnvel frá öðrum löndum, og kynnast þeim betur. Í hádegishléinu borðum við saman á mótsstaðnum og það ýtir undir vinalegt andrúmsloftið. (Postulasagan 2:42) Þar getum við kynnst af eigin raun kærleikanum sem sameinar „samfélag þeirra sem trúá“ alls staðar í heiminum. – 1. Pétursbréf 2:17.

Pau hjálpa okkur að taka framförum í trúnni. Ísraelsmenn höfðu mikið gagn af því að safnast saman til að fá skýringar á boðskap Ritningarinnar. (Nehemíabók 8:8, 12) Við kunnum einnig að meta biblíufræðsluna sem við fáum á mótunum. Á hverju móti er unnið út frá biblíulegri grunnhugmynd. Fluttar eru ræður, ræðusyrpur og sýnidæmi sem auðvelda okkur að fara eftir vilja Guðs. Það er hvetjandi að heyra frásögur þeirra sem tekst að lifa farsælega sem kristnir menn á þessum erfiðu tímum. Á umdæmismótunum eru sviðsett leikrit sem blása lífi í frásögur Biblíunnar og hjálpa okkur að draga af þeim ýmsa lærdóma. Á öllum mótum gefst þeim sem hafa vígst Guði tækifæri til að láta skírast.

SKOÐAÐU MÁLIÐ BETUR

Ef þig langar til að kynnast bræðralagi okkar betur væri þjóðráð að sækja næsta mót. Þú getur beðið biblíukennara þinn að sýna þér mótsdagskrána. Þá geturðu kynnt þér hvers konar mál eru til umræðu. Skrifðu hjá þér hvenær og hvar næsta mót verður haldið og sæktu það ef þú hefur tök á.



- Af hverju eru mótin ánægjulegir viðburðir?
- Hvaða gagn geturðu haft af því að sækja mót?

Hvernig skipuleggjum við boðunarstarfið?

Skömmu fyrir dauða sinn sagði Jesús: „Fagnaðarerindið um ríkið verður prédikað um alla heimsbyggðina til þess að allar þjóðir fái að heyra það. Og þá mun endirinn koma.“ (Matteus 24:14) En hvernig átti að haga þessu boðunarstarfi? Jesús gaf fyrirmyndina um það meðan hann var á jörð. – Lúkas 8:1.

Við heimsækjum fólk. Jesús kenndi lærisveinum sínum að boða fagnaðarerindið hús úr húsi. (Matteus 10:11-13; Postulasagan 5:42; 20:20) Trúboðar fyrstu aldar fengu afmarkað svæði til að starfa á. (Matteus 10:5, 6; 2. Korintubríf 10:13) Boðunarstarf okkar er einnig vel skipulagt og hver söfnuður fær ákveðið svæði þar sem hann á að boða trúna. Þannig getum við „prédikað fyrir alþjóð og vitnað“ eins og Jesús gaf fyrirsmáli um. – Postulasagan 10:42.

Við reynum að ná til fólks hvar sem það er að finna. Jesús prédikaði einnig fyrir fólki á almannafæri, svo sem á strönd Galíleuvatns eða við brunn utan borgar. (Markús 4:1; Jóhannes 4:5-15) Við tökum fólk líka tali til að ræða við það um Biblíuna hvar sem færi gefst – á götum úti, í fyrirtækjum, í almenningsgördum eða símleiðis. Við vitnum fyrir nágrönnum, vinnufélögum, skólafélögum og ættingjum eftir því sem við á. Með þessum hætti höfum við gert milljónum manna um heim allan kleift að heyra fagnaðarboðskapinn. – Sálmur 96:2.

Langar þig til að segja einhverjum frá fagnaðarerindinu um ríki Guðs? Langar þig til að lýsa fyrir honum hvaða áhrif það getur haft á framtíð hans? Dragðu þá ekki að koma fagnaðarerindinu á framfæri.

- Hvert er „fagnaðarerindið“ sem á að boða?
- Hvernig líkja vottar Jehóva eftir boðunaraðferðum Jesú?



Spánn



Hvíta-Rússland

Hong Kong



Perú

SKOÐAÐU MÁLIÐ BETUR

Biddu biblíukennara þinn að sýna þér hvernig þú getir sagt vini eða kunningja með háttvísi frá því sem þú hefur lært af Biblíunni.





Kanada



Gengið í hús



Biblíunámskeið



Sjálfsnám

Hvað er brautryðjandi?

Orðið „brautryðjandi“ er oft notað um þá sem kanna ný svæði og ryðja brautina fyrir aðra. Jesús var eins konar brautryðjandi því að hann var sendur til jarðar til að veita fólki líf með þjónustu sinni og opna leiðina til hjálpræðis. (Matteus 20:28) Fylgjendur hans nú á dögum líkja eftir honum með því að nota eins mikinn tíma og þeir geta til að „gera fólk að lærisveinum“. (Matteus 28:19, 20) Sumir hafa getað gerst brautryðjendur eins og við köllum það.

Brautryðjandi notar mikinn tíma til að boða fagnaðar-erindið. Allir vottar Jehóva boða trúna. Sumir hafa hins vegar hagrætt málum sínum þannig að þeir geti verið **brautryðjendur** og nota þá 70 klukkustundir á mánuði til að boða fagnaðarerindið. Margir þeirra vinna hlutastörf til að geta gert það. Öðrum hefur verið boðið að starfa sem **sérbrautryðjendur** á svæðum þar sem vantar fleiri boðbera. Þeir nota 130 stundir eða meira á mánuði til boðunarstarfsins. Brautryðjendur eru nægjusamir og treysta að Jehóva sjái þeim fyrir nauðsynjum. (Matteus 6:31-33; 1. Tímóteusarbréf 6:6-8) Þeir sem eru ekki í aðstöðu til að vera brautryðjendur að staðaldri geta verið **aðstoðarbrautryðjendur** eftir því sem þeir hafa tök á, og auka þá starf sitt upp í 30 eða 50 stundir á mánuði.

Brautryðjandi er knúinn af kærleika til Guðs og náungans. Líkt og Jesús sjáum við að margir eru illa á vegi staddir í trúarlegum efnum og þurfa að kynnast Guði og vilja hans. (Markús 6:34) Við búum yfir þekkingu sem getur hjálpað þessu fólki hér og nú og veitt því trausta framtíðarvon. Brautryðjandi gefur fúslega af tíma sínum og kröftum til að kynna fagnaðarerindið fyrir fólki. Það er náungakærleikurinn sem knýr hann til verka. (Matteus 22:39; 1. Þessaloníkubréf 2:8) Þetta starf styrkir trú hans og tengsl við Guð og veitir honum mikla ánægju. – Postulasagan 20:35.

- Hvað er brautryðjandi?
- Hvað fær fólk til að gerast brautryðjendur?

Hvaða menntun stendur brautryðjendum til boða?

Bíblíufræðsla hefur lengi verið aðalsmerki Votta Jehóva. Þeim sem nota allan sinn tíma til að boða fagnaðarerindið stendur sérstök menntun til boða svo að þeir geti „fullnað þjónustu sína“. – 2. Tímóteusarbréf 4:5.

Brautryðjendaskólinn. Eftir að brautryðjandi hefur verið í fullu starfi í eitt ár stendur honum til boða að sækja sex daga skóla sem er oftast haldinn í nálægum ríkissal. Markmiðið er að hjálpa brautryðjendum að styrkja samband sitt við Jehóva, verða skilvirkari í öllum greinum boðunarstarfsins og halda trúfastlega áfram að þjóna Jehóva.

Skóli fyrir boðbera Guðsríkis. Þessi tveggja mánaða skóli var stofnaður með það fyrir augum að þjálfa reynda brautryðjendur, sem eru tilbúnir að yfirgefa heimaslóðir sínar, til að starfa hvar sem þeirra er þörf. Þeir segja í reynd: „Hér er ég. Send þú mig.“ (Jesaja 6:8) Þannig hafa þeir líkt eftir mesta trúboða sögunnar, Jesú Kristi. (Jóhannes 7:29) Þeir sem flytja til fjarlæggra staða gætu þurft að laga sig að einfaldari lífsháttum. Menningin, loftslagið og mataræðið er ef til vill gerólíkt því sem þeir hafa vanist. Auk þess gætu þeir þurft að læra nýtt tungumál. Þessi skóli hjálpar einhleypum bræðrum og systurum og hjónum á aldrinum 23 til 65 ára að tileinka sér kristna eiginleika, sem þau þurfa að hafa til að bera á nýja staðnum. Hann hjálpar þeim að koma að enn meiri notum í þjónustu Jehóva og safnaðar hans.

Bíblíuskólinn Gíleað. Hebreska orðið „Gíleað“ merkir „minnisvarða“. Frá því að skólinn var stofnaður árið 1943 hafa meira en 8.000 nemendur útskrifast og verið sendir sem trúboðar til að boða fagnaðarerindið „til endimarka jarðar“. (Postulasagan 13:47) Árangurinn hefur ekki látið á sér standa. Þegar fyrstu Gíleaðtrúboðarnir komu til Perú var enginn söfnuður Votta Jehóva í landinu. Núna eru þeir fleiri en 1.000 talsins. Þegar trúboðar okkar komu til Japan voru þar innan við tíu vottar. Nú eru þar rösklega 200.000 vottar. Námið í Gíleaðskólanum tekur fimm mánuði og felur meðal annars í sér ítarlegt nám í orði Guðs. Sérbrautryðjendum, trúboðum og þeim sem vinna á deildarskrifstofum eða eru í farandstarfi er boðið að sækja þennan skóla. Þar fá þeir rækilega kennslu svo þeir geti stuðlað að stöðugleika og eftt boðunarstarfið um allan heim.

- Hvert er markmið brautryðjendaskólans?
- Hverjum er skólinn fyrir boðbera Guðsríkis ætlaður?



Bandaríkin



Gíleaðskólinn
í Patterson í New York



Panama



Finnland



Kennsla

Hirðisheimsókn



Boðun



Hvernig þjóna öldungar söfnuðinum?

Við erum ekki með launaða presta í söfnuðinum. Hins vegar eru skipaðir hæfir umsjónarmenn til að „gæta safnaðar Guðs“ líkt og gert var í kristna söfnuðinum forðum daga. (Postulasagan 20:28, *Biblían 1912*) Öldungarnir eru þroskaðir í trúnni og fara með forystuna í söfnuðinum. Þeir gæta hjarðarinnar „ekki nauðugir heldur af fúsu geði eins og Guð vill, ekki af gróðafíkn heldur fúslega“. (1. Pétursbréf 5:1-3) Hvernig þjóna þeir í okkar þágu?

Þeir gæta okkar og annast. Öldungarnir leiðbeina söfnuðinum og hjálpa honum að halda nánnum tengslum við Jehóva. Þeir eru minnugir þess að það er Guð sem hefur trú að þeim fyrir þessu mikilvæga hlutverki. Þeir gæta þess að drottna ekki yfir söfnuðinum heldur stuðla að velferð og gleði safnaðarmanna. (2. Korintubréf 1:24) Öldungarnir reyna að kynnast vel öllum í söfnuðinum, ekki ósvipað og fjárhirðir sem lætur sér annt um sauðina alla sem einn. – Orðskviðirnir 27:23.

Þeir kenna okkur að gera vilja Guðs. Öldungarnir stjórna vikulegum samkomum safnaðarins og styrkja trú okkar hinna. (Postulasagan 15:32) Þeir fara einnig með forystuna í boðunarstarfinu, starfa með öðrum og þjálfa þá í öllum greinum þjónustunnar.

Þeir uppörva okkur hvert og eitt. Öldungar safnaðarins heimsækja okkur stundum eða ræða við okkur í ríkissalnum til að hlúa að andlegum þörfum okkar og hughreysta með hjálp Biblíunnar. – Jakobsbréfið 5:14, 15.

Auk þess að starfa í þágu safnaðarins vinna flestir öldungar veraldleg störf og hafa fyrir fjölskyldu að sjá. Hvort tveggja kostar tíma og krafta. Þessir duglegu bræður eiga virðingu okkar skilda. – 1. Pessaloníkubréf 5:12, 13.

- Hvert er hlutverk safnaðaröldunga?
- Hvernig sýna öldungarnir áhuga á okkur hverju og einu?

SKOÐAÐU MÁLIÐ BETUR

Dú getur kynnt þér hæfniskröfurnar sem gerðar eru til öldunga og safnaðarþjóna í 1. Tímóteusarbréfi 3:1-10, 12 og Títusarbréfinu 1:5-9.



Hvert er hlutverk safnaðarþjóna?

Í Biblíunni er talað um tvo hópa kristinna karlmannna sem gegna ábyrgðarstörfum í söfnuðinum. Þetta eru umsjónarmenn og safnaðarþjónar. (Filippíbréfið 1:1) Yfirleitt eru nokkrir bræður útnefndir til þessara starfa í hverjum söfnuði. Hvaða störf vinna safnaðarþjónar í okkar þágu?

Peir aðstoða öldungaráðið. Safnaðarþjónar eru andlega sannaðir, samviskusamir og áreiðanlegir bræður á öllum aldri. Peir annast ýmis mikilvæg störf tengd söfnuðinum og ríkissalnum. Fyrir vikið geta öldungarnir einbeitt sér betur að kennslunni og hjarðgæslunni.

Peir annast ýmis mikilvæg störf. Oft er safnaðarþjónum falið að bjóða gesti velkomna í ríkissalinn. Peir sjá um hljóðkerfið, annast dreifingu rita til safnaðarmanna, sjá um bókhald og úthluta starfssvæðum. Peir aðstoða einnig við þrif og viðhald ríkissalarins. Öldungarnir biðja þá ef til vill að aðstoða aldraða í söfnuðinum. Peir vinna fúslega hver þau störf sem þeim eru falin og ávinna sér virðingu safnaðarins fyrir. – 1. Tímóteusarbréf 3:13.

Peir eru öðrum góð fyrirmynd. Bræður, sem uppfylla hæfniskröfurnar, eru útnefndir safnaðarþjónar. Peir styrkja trú okkar þegar þeir sjá um dagskrárliði á samkomum. Peir hvetja okkur til dáða með því að vera drífandi í boðunarstarfinu. Peir stuðla að gleði og einingu safnaðarins með því að starfa náíð með öldungunum. (Efesusbréfið 4:16) Með tíð og tíma geta þeir orðið hæfir til að þjóna sem öldungar.

- Hvað einkennir safnaðarþjóna?
- Hvernig stuðla safnaðarþjónar að því að allt gangi vel fyrir sig í söfnuðinum?



Mjanmar



Verkefni á samkomu



Starfshópur




Þrif og viðhald ríkissalar

SKOÐAÐU MÁLIÐ BETUR

Reyndu að kynnast öldungi eða safnaðarþjóni og fjölskyldu hans í hvert sinn sem þú kemur í ríkissalinn. Smám saman kynnist þú þeim öllum.





Malaví



Starfshópur



Boðunarstarf



Fundur með öldungum

Hvað gera farandhirðar fyrir okkur?

Í kristnu grísku ritningunum er minnst margt á Pál postula og Barnabas. Þeir voru farandumsjónarmenn sem heimsóttu söfnuðina á fyrstu öld. Af hverju gerðu þeir það? Þeim var ákaflega annt um velferð bræðra sinna og systra. Páll sagðist vilja „fara aftur og vitja trússystkinanna“ til að kanna hvernig þeim gengi. Hann var fús til að ferðast hundruð kílómetra til að styrkja söfnuðina. (Postulasagan 15:36) Farandumsjónarmenn nútímans eru sama sinnis.

Þeir veita okkur hvatningu. Hver farandhirðir heimsækir um það bil 20 söfnuði tvisvar á ári og dvelur í viku á hverjum stað. Við getum notið góðs af víðtækri reynslu þessara bræðra og eiginkvenna þeirra ef þeir eru giftir. Þeir leggja sig fram um að kynnast bæði ungum og öldnum og hafa mikinn áhuga á að fara með okkur í boðunarstarfið og til biblíunemenda. Þeir fara í hirðisheimsóknir með öldungunum og flytja hvetjandi ræður á samkomum og mótum til að styrkja okkur í trúnni. – Postulasagan 15:35.

Þeim er annt um velferð allra. Farandhirðar láta sér annt um andlega velferð safnaðanna. Þeir funda með öldungum og safnaðarþjónum til að ræða hvað hefur áunnist á liðnum mánuðum og leiðbeina þeim um það hvernig þeir geti rækt skyldur sínar. Þeir hjálpa brautryðjendum að vera farsælir í starfi. Þeir hafa ánægju af að kynnast þeim sem hafa nýlega bæst í hópinn og heyra hvernig þeim miðar áfram. Þessir „starfsbræður“ okkar gefa fúslega af sjálfum sér og bera hag okkar fyrir brjósti. (2. Korintubréf 8:23) Við ættum að líkja eftir trú þeirra og guðrækni. – Hebraebréfið 13:7.

- Til hvers heimsækja farandhirðar söfnuðina?
- Hvernig geturðu notið góðs af heimsóknum þeirra?

SKOÐAÐU MÁLIÐ BETUR

Merktu á dagatalið hvenær farandhirðirinn heimsækir söfnuðinn næst svo að þú missir ekki af ræðunum sem hann flytur í ríkissalnum. Viltu kynnast honum eða eiginkonu hans betur? Láttu þá leiðbeinanda þinn vita svo að annað hvort þeirra geti verið viðstatt biblíunámsstundina þegar þau heimsækja söfnuðinn.



Hvernig veitum við trússysteminum neyðaraðstoð?

Þegar náttúruhamfarir eða aðrar hörmungar verða eru Vottar Jehóva fljótir til að skipuleggja neyðaraðstoð handa bágstöddum trússysteminum. Þannig sýnum við að við berum ósvikinn kærleika hvert til annars. (Jóhannes 13:34, 35; 1. Jóhannesarbréf 3:17, 18) Hvers konar aðstoð veitum við?

Við gefum fjármuni. Þegar mikil hungursneyð varð í Júdeu sendu kristnir menn í Antíókkíu fé til trússystemkina sinna þar. (Postulasagan 11:27-30) Ef við fréttum að trússystemkini okkar einhvers staðar í heiminum séu í nauðum stödd sendum við líka framlög fyrir milligöngu safnaðar okkar til að veita neyðaraðstoð. – 2. Korintubréf 8:13-15.

Við skipuleggjum hjálparstarf. Öldungarnir, sem búa á hamfarasvæðinu, reyna að hafa uppi á öllum í söfnuðinum til að kanna hvar þeir séu niður komnir og hvort þeir séu heilir á húfi. Hjálparnefnd samræmir eftir þörfum dreifingu á mat, hreinu drykkjarvatni og fatnaði, og sér til þess að allir fái húsaskjól og læknishjálp. Margir vottar með nauðsynlega fagmenntun bjóðast til að fara á eigin kostnað til að taka þátt í hjálparstarfi eða gera við skemmdir á húsum og ríkissölum. Einingin innan safnaðarins og reynslan, sem við höfum af því að vinna saman, gerir okkur kleift að bregðast skjótt við á neyðarstund. Þó að við leggjum áherslu á að liðsinna „trússysteminum okkar“ aðstoðum við einnig aðra eftir föngum, hverrar trúar sem þeir eru. – Galatabréfið 6:10.

Við notum Biblíuna til að hughreysta. Fórnarlömb náttúruhamfara hafa brýna þörf fyrir huggun og hughreystingu. Við slíkar aðstæður getum við leitað til Jehóva sem er „Guð allrar huggunar“ og fengið styrk frá honum. (2. Korintubréf 1:3, 4) Við segjum fúslega frá fyrirheitum Biblíunnar og bendum þeim sem örvænta á að ríki Guðs bindi bráðlega enda á allt sem veldur kvöl og þjáningum. – Opinberunarbókin 21:4.

- Af hverju geta Vottar Jehóva brugðist skjótt við þegar náttúruhamfarir verða?
- Hvernig getum við hughreyst fórnarlömb náttúruhamfara?



Dóminíska lýðveldið



Japan



Haítí



Hvaða hópur er hinn „trúi og hyggni þjónn“?

Skömmu áður en Jesús dó ræddi hann einslega við fjóra lærisveina sína, þá Pétur, Jakob, Jóhannes og Andrés. Hann lýsti fyrir þeim tákningu um að hann yrði nærverandi á síðustu dögum og varpaði fram mikilvægri spurningu: „Hver er sá trúi og hyggni þjónn sem húsbóndinn hefur sett yfir hjú sín að gefa þeim mat á réttum tíma?“ (Matteus 24:3, 45; Markús 13:3, 4) Þannig fullvissaði hann lærisveinana um að hann, „húsbóndinn“, myndi útnefna hóp manna til að sjá fylgjendum sínum fyrir andlegri fæðu á endalokatímanum. Hver er þessi þjónn?

Hann er skipaður fámennum hópi andasmurðra fylgjenda Jesú. Þjónninn samsvarar stjórnandi ráði Votta Jehóva. Hann dreifir tímabærri andlegri fæðu til allra annarra þjóna Jehóva. Við erum háð þessum trúa þjóni vegna þess að hann gefur okkur andlegu fæðuna „á réttum tíma“. – Lúkas 12:42.


Hann hefur umsjón með húsi Guðs. (1. Tímóteusarbréf 3:15) Jesús fól þessum þjóni sínum þá miklu ábyrgð að hafa umsjón með allri starfsemi safnaðar Jehóva á jörð – líta eftir efnislegum eignum, stjórna boðunarstarfinu og kenna okkur fyrir milligöngu safnaðanna. Hinn „trúi og hyggni þjónn“ sér okkur fyrir andlegri fæðu á réttum tíma með ritunum sem við notum í boðunarstarfinu, auk þess að semja dagskrána sem flutt er á samkomum og mótum.

Þessi þjónn er *trúr* sannleika Biblíunnar og því verkefni að boða fagnaðarerindið, og hann gætir eigna Krists á jörð með *hyggindum*. (Postulasagan 10:42) Jehóva blessar starf hans þannig að vottunum fjölgar og nóg er til af andlegri fæðu. – Jesaja 60:22; 65:13.

- Hverjum fól Jesús að gefa lærisveinunum andlega fæðu?
- Á hvaða hátt er þjónninn bæði trúr og hygginn?



Við njótum öll góðs af andlegu fæðunni



Hvernig starfar hið stjórnandi ráð?

Fámennur hópur skipaður postulunum og öldungunum í Jerúsalem myndaði stjórnandi ráð safnaðarins á fyrstu öld. Þeir tóku mikilvægar ákvarðanir sem vörðuðu söfnuð hinna andasmurðu í heild sinni. (Postulasagan 15:2) Þeir komust að sameiginlegri niðurstöðu með því að ræða ábendingar Ritningarinnar og fylgja leiðsögn anda Guðs. (Postulasagan 15:25) Þessi fyrirmynd er fylgt nú á tímum.

Guð notar það til að gera vilja sinn. Hið stjórnandi ráð er skipað andasmurðum bræðrum sem hafa brennandi áhuga á orði Guðs. Þeir búa yfir mikilli reynslu við að skipuleggja starf safnaðarins og fjalla um trúarleg álitamál. Ráðið fundar vikulega til að ræða um þarfir bræðrafélagsins um heim allan. Það lætur í té biblíulegar leiðbeiningar, annaðhvort bréflaga eða fyrir milligöngu farandumsjónarmanna og annarra, eins og gert var á fyrstu öld. Þetta stuðlar að einingu í hugsun og verki meðal þjóna Guðs. (Postulasagan 16:4, 5) Ráðið lætur útbúa andlegu fæðuna, hvetur alla til að boða fagnaðarerindið af kappi og hefur umsjón með útnefningu bræðra til ábyrgðarstarfa.

Ráðið þiggur handleiðslu anda Guðs. Hið stjórnandi ráð leitar leiðsagnar hjá Jehóva, Drottni alheims, og Jesú, höfði safnaðarins. (1. Korintubríf 11:3; Efesusbréfið 5:23) Bræðurnir í ráðinu líta ekki á sig sem leiðtoga þjóna Guðs. Þeir „fylgja lambinu [Jesú] hvert sem það fer“ ásamt öllum öðrum af hópi hinna andasmurðu. (Opinberunarbókin 14:4) Hið stjórnandi ráð er þakklátt fyrir að við biðjum Jehóva að blessa starf þess.

- Hverjir skipuðu hið stjórnandi ráð á fyrstu öld?
- Hvernig leitar hið stjórnandi ráð leiðsagnar Guðs?



Hið stjórnandi ráð fyrstu aldar



Bréf hins stjórnandi ráðs lesið

SKOÐAÐU MÁLIÐ BETUR

Lestu Postulasöguna 15:1-35 og kannaðu hvernig hið stjórnandi ráð fyrstu aldar ræddi og útkljáði deilu með hjálp Ritningarinnar og heilags anda.





Listadeildin í Bandaríkjunum



Þýskaland



Kenía



Kólumbía

Hvað er Betel?

Betel er hebreskt nafn sem merkir „Guðs hús“. (1. Mósebók 28:17, 19) Það er viðeigandi heiti á húsnæði sem Vottar Jehóva nota víða um lönd til að styðja við boðunarstarfið og hafa umsjón með því. Hið stjórnandi ráð starfar við aðalstöðvarnar sem eru í New York-ríki í Bandaríkjunum og hefur yfirumsjón með starfsemi deildarskrifstofa í fjölda landa. Þeir sem starfa á þessum stöðum eru kallaðir Betelfjölskyldan. Þeir búa og vinna saman, borða saman og stunda sameiginlegt biblíunám, rétt eins og fjölskylda. – Sálmur 133:1.

Allir í Betelfjölskyldunni vinna fórnfúst starf. Á öllum Betelheimilum starfa kristnir karlar og konur sem hafa helgað sig því að gera vilja Guðs og þjóna í þágu Guðsríkis í fullu starfi. (Matteus 6:33) Enginn þiggur laun fyrir vinnu sína en hins vegar er þeim séð fyrir fæði og húsnæði ásamt smávægilegum fjárstyrk. Allir á Betel hafa fengið ákveðið verkefni, hvort heldur það er á skrifstofu, í eldhúsi, matsal eða þvottahúsi. Sumir vinna í prentsmiðju eða bókbandi en aðrir sjá um ræstingar, viðhald eða annað.

Staður þar sem fólk er önnum kafið að styðja boðunarstarfið. Aðalmarkmið allra Betelheimila er að koma sannleika Biblíunnar á framfæri við sem flesta. Þessi bæklingur er lýsandi dæmi um það. Hann var skrifaður undir umsjón hins stjórnandi ráðs, sendur í rafrænu formi til hundraða þýðingarteyma um allan heim, prentaður með afkastamiklum vélum í prentsmiðjum við mörg Betelheimili og síðan sendur til meira en 110.000 safnaða. Á öllum stigum verksins styðja Betelfjölskyldur dyggilega við allra mikilvægasta verkefnið – sem er það að boða fagnaðarerindið. – Markús 13:10.

- Hverjir starfa á Betel og hvernig er búið að þeim?
- Hvaða mikilvæga starf styðja Betelfjölskyldur á hverjum stað?

Hvaða starfsemi fer fram á deildarskrifstofum?

Bræður og systur í Betelfjölskyldunni starfa við mismunandi deildir sem styðja við boðunarstarfið í einu landi eða fleirum. Sumir starfa við þýðingar, prentun tímarita, bókband, hljóð- og myndvinnslu eða við dreifingarmiðstöðvar og annað sem viðkemur umsjónarsvæði skrifstofunnar.

Deildarnefnd hefur umsjón með starfseminni. Hið stjórnandi ráð leggur starfsemi hversrar deildarskrifstofu í hendur deildarnefndar sem er skipuð þrem eða fleiri reyndum öldungum. Nefndin upplýsir hið stjórnandi ráð um framgang starfseminnar í hverju landi sem er undir umsjón hennar og um þau vandamál sem upp kunna að koma. Það auðveldar hinu stjórnandi ráði að ákveða um hvað eigi að fjalla í væntanlegum ritum og á samkomum og mótum. Fulltrúar hins stjórnandi ráðs heimsækja deildarskrifstofunnar með reglulegu millibili og leiðbeina deildarnefndum við starf þeirra. (Orðskviðirnir 11:14) Einnig er haldin samkoma þar sem fulltrúi hins stjórnandi ráðs flytur ræðu til að hvetja og uppörva þá sem búa á umsjónarsvæði skrifstofunnar.

Þær veita söfnuðunum stuðning. Ákveðnir bræður á deildarskrifstofunum staðfesta stofnun nýrra safnaða. Bræðurnir stýra einnig starfi brautryðjenda, trúboða og farandhirða á umsjónarsvæði skrifstofunnar. Þeir skipuleggja mót, leggja drög að byggingu nýrra ríkissala og sjá um að rit séu send til safnaðanna eftir þörfum. Allt sem fram fer á deildarskrifstofunum hefur það markmið að boðunarstarfið gangi skipulega fyrir sig. – 1. Korintubréf 14:33, 40.

- Hvernig starfa deildarnefndir með hinu stjórnandi ráði?
- Hvaða ábyrgðarstörf eru unnin á deildarskrifstofum?



Salómonseyjar



Kanada



Suður-Afríka

SKOÐAÐU MÁLIÐ BETUR

Gestum er boðið að skoða deildarskrifstofur okkar í fylgd leiðsögumans frá mánudegi til föstudags. Þú ert velkominn í heimsókn. Þegar þú lætur verða af því ættirðu að klæðast eins og þú sért að sækja samkomu. Það er trústyrkjandi að heimsækja staðinn sem kall-
aður er Betel.





Ritdeildin í Bandaríkjunum



Suður-Kórea



Armenía



Búrúndí



Srí Lanka

Hvernig eru ritin okkar samin og þýdd?

Við gefum út rit á meira en 750 tungumálum til að geta sem best boðað fagnaðarerindið „sérhverri þjóð og kynkvísl, tungu og lýð“. (Opinberunarbókin 14:6) Hvernig tekst okkur að gera þessu krefjandi verkefni skil? Þar koma til skjalanna alþjóðlegur hópur sem semur ritin og dugmiklir þýðendur. Allt eru þetta vottar Jehóva.

Textinn er fyrst settur saman á ensku. Hið stjórnandi ráð hefur umsjón með starfsemi ritdeildar við aðalstöðvar safnaðarins. Hún dreifir verkefnum milli starfsmanna sem vinna við skriftir við aðalstöðvarnar og á vissum deildarskrifstofum. Að hafa höfunda af ýmsum þjóðernum auðveldar okkur að fjalla um margs konar mál frá sjónarhóli ólíkra menningarheima þannig að ritin höfði sem best til fólks víða um lönd.

Textinn er sendur til þýðendanna. Eftir að textinn hefur verið samþykktur og búinn til prentunar er hann sendur í rafrænu formi til þýðenda um allan heim. Þeir vinna í teymum sem þýða, samlesa og próflesa textann. Þeir leggja sig fram um að finna réttu orðin til að skila merkingu enska textans sem best á viðtökumálinu. – Prédikarinn 12:10.

Tölvur flýta vinnslunni. Tölvur koma aldrei í stað mannhugans. Þær geta hins vegar auðveldað höfundum og þýðendum starf þeirra og flýtt fyrir með því að veita aðgang að rafrænum orðabókum, gagnasöfnum og öðrum hjálpargögnum. Vottar Jehóva hafa hannað rafrænt útgáfukerfi, kallað MEPS, en það má nota til að slá inn texta á hundruðum tungumála, sameina texta og myndir og umbrjóta ritin fyrir prentun.

Hvers vegna leggjum við svona mikið á okkur, jafnvel þegar um er að ræða tungumál sem eru aðeins töluð af nokkur þúsund manns? Vegna þess að Jehóva vill að „allir menn verði hólpnir og komist til þekkingar á sannleikanum“. – 1. Tímóteusarbréf 2:3, 4.

- Hvernig eru ritin okkar samin?
- Hvers vegna þýðum við ritin á hundruð tungumála?

Hvernig er alþjóðlegt starf okkar fjármagnað?

Söfnuður okkar gefur út á hverju ári biblur og önnur rit í hundruða milljóna tali. Þeim er dreift endurgjaldslaust. Við byggjum ríkissali og deildarskrifstofur og viðhöldum þeim. Söfnuðurinn heldur uppi þúsundum Betelíta og trúboða og veitir neyðaraðstoð þegar náttúruhamfarir verða. Þér er kannski spurn hvernig við fjármögnum allt þetta.

Við innheimtum hvorki félagsgjöld, greiðum tíund né stundum fjársafnanir. Þótt það kosti sitt að fjármagna boðun fagnaðarerindisins höfum við aldrei falast eftir framlögum. Í öðru tölublaði *Varðturnsins* seint á 19. öld stóð að við teljum Jehóva standa að baki starfi okkar og við munum „aldrei betla eða biðja menn um stuðning“ – og það höfum við aldrei gert. – Matteus 10:8.

Starsemi okkar er fjármögnuð með frjálsum framlögum.

Margir kunna vel að meta biblíufræðsluna sem við stöndum fyrir og leggja henni lið með fjárframlögum. Safnaðarmenn um allan heim gefa sjálfir fúslega af tíma sínum, kröftum og fjármunum til að gera vilja Guðs. (1. Kroníkubók 29:9) Í ríkissalnum og á mótum okkar eru baukar fyrir framlög þeirra sem vilja láta eitthvað af hendi rakna. Einnig er hægt að gefa framlög á vefsetri okkar, jw.org. Aflafé safnaðarins kemur að stærstum hluta frá fólki sem hefur ekki úr miklu að spila, ekki ósvipað og fátæka ekkjan sem Jesús hrósaði fyrir að leggja tvo smápeninga í fjárhirslu mustersins. (Lúkas 21:1-4) Allir sem vilja geta lagt eitthvað af mörkum að staðaldri eins og þeir hafa „ásett sér í hjarta sínu“. – 1. Korintubréf 16:2; 2. Korintubréf 9:7.

Við efumst ekki um að Jehóva haldi áfram að hreyfa við hjörtum þeirra sem langar til að „tigna hann með eignum sínum“ með því að styðja boðunarstarfið og stuðla þar með að því að vilji hans nái fram að ganga. – Orðskviðir 3:9.

- Að hvaða leyti er söfnuður Votta Jehóva ólíkur öðrum trúfélögum?
- Hvernig eru framlögin notuð?



Nepal



Tógó



Bretland



Bólvía

Hvers vegna byggjum við ríkissali og hvernig?

Guðsríki er kjarninn í boðskap Biblunnar og var líka kjarninn í boðun Jesú. Nafnið ríkissalur ber með sér að þetta ríki er mikið til umræðu þar. – Lúkas 8:1.

Peir eru miðstöðvar sannrar tilbeiðslu á svæðinu. Peir eru notaðir til að skipuleggja boðunarstaf votta Jehóva á svæðinu sem söfnuðurinn starfar á. (Matteus 24:14) Ríkissalir eru misstórir og breytilegir að gerð en allir eru þeir látlausir og hýsa oft fleiri en einn söfnuð. Á síðustu árum höfum við byggt tugþúsundir nýrra ríkissala (að meðaltali fimm á dag) til að halda í við fjölgun safnaða og boðbera. Hvernig er þetta hægt? – Matteus 19:26.

Peir eru byggðir fyrir framlög sem lögð eru í sameiginlegan sjóð. Þessi framlög eru send deildarskrifstofunni þannig að söfnuðir geti fengið fjármagn til að byggja eða endurbæta ríkissal.

Fjölbreyttur hópur ólaunaðra sjálfboðaliða reisir ríkissalina. Víða um lönd eru starfandi **teymi byggingarmanna sem reisa ríkissali**. Þessi teymi fara milli safnaða innanlands, jafnvel til afskekktara svæða, og stýra framkvæmdum á hverjum stað. Í öðrum löndum hafa verið skipaðar **svæðisbyggingarnefndir** til að hafa umsjón með byggingu og endurbótum á ríkissölum á ákveðnu svæði. Enda þótt reyndir iðnaðarmenn á svæðinu bjóði fram krafta sína þá eru boðberar í söfnuðinum á staðnum stærstur hluti vinnuafsisins. Allt er þetta gerlegt vegna anda Jehóva og vegna þess að allir leggja sig fram af heilum hug. – Sálmur 127:1; Kólossubréfið 3:23.

- Af hverju köllum við samkomuhús okkar ríkissali?
- Hvað gerir okkur kleift að byggja ríkissali út um allan heim?

Nígería,
fyrir og eftir

Tahítí



Hvernig getum við tekið þátt í viðhaldi ríkissalarins?

Allir ríkissalir Votta Jehóva eru kenndir við heilagt nafn Guðs. Við lítum því svo á að það sé hluti af heilagri tilbeiðslu okkar að taka þátt í að viðhalda húsinu og sjá um að það sé hreint og frambærilegt. Allir geta lagt sitt af mörkum.



Eistland

Taktu þátt í þrifum eftir samkomur. Ríkissalurinn er ræstur lauslega eftir hverja samkomu. Einu sinni í viku fara fram vandlegri þrif þar sem yfirleitt er fylgt ákveðnum gátlista. Bræður og systur taka fúslega þátt í þrifunum undir umsjón öldungs eða safnaðarþjóns. Þau sópa gólfín, skúra eða ryksuga eftir þörfum, þurrka af, raða stólum, þrifa salerni, þvo glugga og spegla, tæma ruslafötur eða hreinsa til utan húss og snyrta lóðina. Að minnsta kosti einu sinni á ári er tekinn frá dagur til að þrifa húsið rækilega. Börnin hjálpa til eftir fongum og þannig læra þau að virða staðinn þar sem við tilbiðjum Guð. – Prédikarinn 4:17.



Simbabwe

Þú getur aðstoðað við nauðsynlegt viðhald. Árlega er ríkissalurinn skoðaður hátt og lágt. Í framhaldi af því er gert við það sem þarf svo að ríkissalurinn sé í góðu ástandi. Þannig má koma í veg fyrir kostnaðarsamar framkvæmdir síðar. (2. Kroníkubók 24:13; 34:10) Sé ríkissalurinn hreinn og honum vel við haldið er hann boðlegur staður til að tilbiðja Guð. Með því að taka þátt í viðhaldi ríkissalarins sýnum við hve vænt okkur þykir um Jehóva og tilbeiðsluhús okkar. (Sálmur 122:1) Þannig gefum við líka samfélaginu góða mynd af söfnuðinum. – 2. Korintubrэф 6:3.

- Af hverju ættum við ekki að vanrækja tilbeiðsluhús okkar?
- Hvað er gert til að halda ríkissalnum hreinum?



Mongólía

Púertó Ríkó





Ísrael



Tékkland



Benín



Cayman-eyjar

Hvernig getum við nýtt okkur bókasafn ríkissalarins?

Langar þig til að rannsaka ákveðið málefni og auka við biblíuþekkingu þína? Hefur ákveðinn ritningarstaður vakið forvitni þína? Viltu vita meira um persónu, stað eða hlut sem minnst er á í Biblíunni? Eða er þér spurn hvort orð Guðs geti hjálpað þér að leysa úr ákveðnu vandamáli sem þú ert að glíma við? Þá er þjóðráð að líta við í bókasafni ríkissalarins.

Þar er að finna góð hjálpargögn. Sennilega áttu ekki öll þau biblíutengdu rit sem Vottar Jehóva hafa gefið út á móðurmáli þínu. Í bókasafni ríkissalarins er hins vegar að finna flest þau rit sem gefin hafa verið út á síðustu árum. Þar gætu einnig verið ólíkar biblíuþýðingar, góð orðabók og aðrar gagnlegar handbækur. Þér er velkomið að nýta þér bókasafnið fyrir og eftir samkomur. Ef þar er tölva er líklegt að gagnasafnið *Watchtower Library* sé uppsett á henni. Í því er viðamikil safn af ritum okkar ásamt leitarvél sem auðvelt er að nota til að leita að viðfangsefni, orði eða ritningarstað.

Það kemur nemendum á samkomunni „Líf okkar og boðun“ að góðum notum. Bókasafnið getur komið í góðar þarfir þegar þú undirbýrð verkefni. Umsjónarmaður samkomunnar „Líf okkar og boðun“ sér um bókasafnið. Hann á að sjá til þess að nýjustu ritin séu í safninu og öllum aðgengileg. Hann eða biblíukennarinn þinn geta sýnt þér hvernig þú getir fundið þær upplýsingar sem þig vantar. Enginn ætti þó að taka bækur úr bókasafninu heim með sér. Og við eigum auðvitað að fara vel með bækurnar og ekki skrifa í þær eða strika undir neitt.

Í Biblíunni kemur fram að við getum hlotið „þekking á Guði“ ef við erum fús til að leita að henni „eins og fólgnum fjársjóðum“. (Orðskviðirnir 2:1-5) Bókasafn ríkissalarins er góður staður til að hefja leitina.

- Hvaða hjálpargögn eru aðgengileg í bókasafni ríkissalarins?
- Hverjir geta hjálpað þér að hafa sem best not af bókasafninu?

SKOÐAÐU MÁLIÐ BETUR

Ef þig langar til að koma þér upp eigin bókasafni skaltu kanna hvaða rit séu fáanleg í bókaafgreiðslunni. Biblíukennarinn þinn getur sagt þér á hvaða ritum sé best að byrja.



Hvað er að finna á vefsetri safnaðarins?

Jesús Kristur sagði við fylgjendur sína: „Þannig lýsi ljós yðar meðal manna að þeir sjái góð verk yðar og vegsami föður yðar sem er á himnum.“ (Matteus 5:16) Við notum tæknina, meðal annars Netið, til að gera eins og Jesús hvatti til. Opinbert vefsetur Votta Jehóva er **jw.org** og þar er að finna upplýsingar um trúarskoðanir og starfsemi safnaðarins. Hvað fleira getur þú fundið þar?

Svör Biblíunnar við algengum spurningum. Þú finnur svör við mörgum af stærstu spurningum lífsins. Á vefsetri okkar er til dæmis að finna smáritin *Taka þjáningar einhvern tíma enda?* og *Geta hinir dánur lifað á ný?* á meira en 600 tungumálum. Þar er einnig hægt að nálgast *Nýheimsþýðingu* Biblíunnar á meira en 130 tungumálum og ýmis biblíunámsrit, svo sem bókina *Hvað kennir Biblían?* ásamt nýjustu tölublöðum *Varðturnsins* og *Vaknið!* Hægt er að lesa og hlusta á mörg þessara rita á Netinu eða sækja þau í ýmsum sniðum, svo sem MP3, PDF og EPUB. Þú getur jafnvel prentað út nokkrar síður til að stinga að áhugasömum einstaklingi á móðurmáli hans. Hægt er að skoða myndbönd á fjölda táknmála. Þú getur sótt leiklesna biblíutexta, biblíuleikrit og fallega tónlist til að hlusta á í góðu tómi.

Gagnlegar upplýsingar um Votta Jehóva. Á vefsetri okkar eru einnig birt myndskreið og nýjustu fréttir af starfi okkar víða um lönd, sagt frá atburðum sem snerta okkur og getið um hjálparstarf sem við stöndum fyrir. Finna má pósthöfundar skrifstofa og upplýsingar um væntanleg mót.

Með þessum hætti látum við ljós sannleikans lýsa til endimarka jarðar. Fólk í öllum heimsálfum nýtur góðs af, jafnvel á Suðurskautlandinu. Það er bæn okkar að „orð Drottins megi breiðast út“ um alla jörðina með hraði, Jehóva Guði til lofs. – 2. Þessaloníkubréf 3:1.


- Hvernig er **jw.org** notað til að hjálpa fleirum að kynna sannleika Biblíunnar?
- Hvað langar þig til að skoða á vefsetri okkar?



Frakkland



Pólland



Rússland

SMÁ VIÐVÖRUN:

Andstæðingar safnaðarins hafa sett upp vefsíður til að útbreiða ósannindi um okkur. Markmið þeirra er að gera fólk afhuga því að þjóna Jehóva. Við ættum að forðast slíkar vefsíður. – Sálmur 1:1; 26:4; Rómverjabréfið 16:17.

Ætlar þú að gera vilja Jehóva?

Bestu þakkir fyrir að gefa þér tíma til að lesa þennan bækling og kynna þér hverjir vottar Jehóva eru, hvernig þeir starfa og hvernig þeir skipuleggja starfsemi safnaðarins. Það er von okkar að þú hafir komist að þeirri niðurstöðu að við séum sá hópur sem gerir vilja Jehóva nú á tímum. Við hvetjum þig til að halda áfram að fræðast um Guð, segja vinum og ættingjum frá því sem þú ert að læra og sækja samkomur með okkur að staðaldri. – Hebreabréfið 10:23-25.

Því meira sem þú lærir um Jehóva því betur sérðu hve vænt honum þykir um þig. Þá finnurðu hjá þér löngun til að gera allt sem þú getur til að sýna honum að þú elskir hann. (1. Jóhannesbréf 4:8-10, 19) En hvernig geturðu látið þessa löngun í ljós dagsdaglega? Af hverju er það þér fyrir bestu að hlýða siðferðisreglum Guðs? Og hvað getur hvatt þig til að gera vilja hans ásamt okkur? Biblíukennarinn þinn er meira en fús til að hjálpa þér að leita svara við þessum spurningum þannig að þú og fjölskylda þín getið „látið kærleika Guðs varðveita ykkur“ og hlotið eilíft líf. – Júdasarbréfið 21.

Við hvetjum þig eindregið til að halda áfram á braut sannleikans með því að fara yfir bókina ...

